

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/749****2019/EES/86/05****frá 18. maí 2018****um viðurkenningu á skýrslu Króatíu um dæmigerða losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktun
landbúnaðarhráefna samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/28/EB frá 23. apríl 2009 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum 2001/77/EB og 2003/30/EB ⁽¹⁾, einkum 4. mgr. 19. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Hinn 1. apríl 2016 lagði Króatía fram skýrslu með niðurstöðum um útreikninga á losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktun repjufræs. Útreikningar voru gerðir fyrir landsvæði í Króatíu inn til landsins á 2. stigi NUTS þar sem repjufræ er ræktað.
- 2) Eftir yfirferð skýrslunnar sem Króatía lagði fram telur framkvæmdastjórnin að hún uppfylli skilyrðin, sem eru sett fram í tilskipun 2009/28/EB, um að heimila aðildarríki Evrópusambandsins að nota dæmigerð gildi fyrir minni landsvæði en þau sem eru notuð við útreikningana á staðalgildunum: gögnin í skýrslunni vísa til losunar frá ræktun landbúnaðarhráefna (repjufræs); búast má við að dæmigerð losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktun repjufræs geti verið minni en eða jafnmikil og losunin sem gert var ráð fyrir við útreikningana á viðkomandi staðalgildum, og þessi dæmigerða losun gróðurhúsalofttegunda hefur verið tilkynnt framkvæmdastjórninni.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um sjálfbærni lífoldsneytis og fljótandi lífoldsneytis.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmdastjórnin telur að skýrslan, sem Króatía lagði fram til viðurkenningar 1. apríl 2016, innihaldi nákvæm gögn til mælinga á losun gróðurhúsalofttegunda sem tengist ræktun repjufræs sem er framleitt á landsvæði í Króatíu inn til landsins á 2. stigi NUTS að því er varðar 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2009/28/EB. Samantekt gagnanna í skýrslunni er sett fram í viðaukanum.

2. gr.

Þessi ákvörðun gildir í 5 ár. Ef gerðar eru breytingar á efni eða umgjörð skýrslunnar, eins og hún var lögð fyrir framkvæmdastjórnina 1. apríl 2016 til viðurkenningar, sem kunna að hafa áhrif á skilyrði fyrir viðurkenningunni í 1. gr. skal tilkynna framkvæmdastjórninni um breytingarnar án tafar. Framkvæmdastjórnin skal leggja mat á tilkynntar breytingar með það fyrir augum að ákvarða hvort gögnin sem koma fram í skýrslunni séu enn nákvæm.

3. gr.

Framkvæmdastjórnin getur felld þessa ákvörðun úr gildi ef sýnt hefur verið fram á það með skýrum hætti að skýrslan innihaldi ekki lengur nákvæm gögn að því er snertir mælingar á losun gróðurhúsalofttegunda sem tengist ræktun repjufræs sem er framleitt í Króatíu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 125, 22.5.2018, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2019 frá 8. febrúar 2019 um breytingu á IV. viðauka (Orka) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 16.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 18. maí 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

VIÐAUKI

Losun gróðurhúsalofttegunda frá ræktun repjufræs í Króatíu:

Ílög	Losun gróðurhúsalofttegunda í kg CO _{2eq} /ha	Losun gróðurhúsalofttegunda í kg CO _{2eq} /trepjufræ	Losun gróðurhúsalofttegunda í g CO _{2eq} /MJ _{FAME}
Köfnunarefnisáburður	245,7	87,75	3,702
P ₂ O ₅ -áburður	25,28	9,028	0,381
K ₂ O- áburður	46,08	16,45	0,694
Fræ	2,2	0,785	0,033
Plöntuverndarvörur	13,5	4,82	0,203
Dísilólía	219,5	78,39	3,307
Losun N ₂ O á vettvangi	787,4	281,21	11,86
SAMTALS	1 339,66	478,45	20,18